

Ársskýrsla

UNGMENNADEILDAR HRFÍ

STARFSÁRIÐ 2015-2016

Ársskýrsla Ungmennadeildar HRFÍ

Starfsárið 2015-2016

Stjórn Ungmennadeildar HRFÍ starfsárið 2015-2016 skipa:

Hilda Björk Friðriksdóttir – formaður

Rannveig Gauja Guðbjartsdóttir – gjaldkeri

Auður Sif Sigurgeirsdóttir – ritari

Ágústa Pétursdóttir

Hafdís Jóna Þórarinsdóttir

Stjórn kom saman með reglulegu millibili á starfsárinu og ræddi ýmis málefni.

Nafn deildarinnar

Á fundi stjórnar HRFÍ þann 20. maí 2015 var tillaga stjórnar Ungmennadeildar, þess efnis að nafni deildarinnar yrði breytt úr Unglingadeild HRFÍ yfir í Ungmennadeild HRFÍ, samþykkt. Rökin voru þau að stjórn deildarinnar mat það svo að nafn deildarinnar þyrfti að ná yfir fjölbreyttari hóp ungmenna, þ.e. börn og unglunga.

„Gullna reglan“

Í mörg ár hefur hin svokallaða „gullna regla“ tíðkast um allan heim í keppni ungra sýnenda en sú regla byggist á því að sýnandi eigi aldrei að fara á milli hunds og dómara. Að mati stjórnar deildarinnar er þessi regla orðin úrelt og er það okkar skoðun að keppni ungra sýnenda eigi ekki að vera mikið frábrugðin því ferli sem tíðkast venjulega inni í sýningarhring. Þetta er mál sem mikið hefur verið rætt, sérstaklega í Evrópu, og ákváðum við að semja texta þar sem kemur fram hvaða augum HRFÍ og Ungmennadeildin líta á keppni ungra sýnenda. Í textanum, sem sendur er öllum þeim dómurum sem dæma unga sýnendur á Íslandi, kemur fram að keppni ungra sýnenda eigi að líkjast sem mest því sem gerist inni í sýningarhring og að áherslan skuli vera á það hvernig hundurinn er sýndur og hvernig sambandið er á milli hunds og sýnanda. Við erum gríðarlega stolt af þessu framtaki okkar og vonum að það verði til þess að áherslur í keppni ungra sýnenda breytist með tíð og tíma. Nú þegar hefur fjölmargt áhugafólk um unga sýnendur sagt skoðun sína á þessu framtaki stjórnarinnar og eru viðbrögðin jákvæð í alla staði. Þess má geta að íslenskir ungir sýnendur munu þó ávallt vera upplýstir um „gullnu regluna“ og mun hringstjóri í keppni ungra sýnenda fá á hreint áður en keppni hefst hvort dómari aðhyllist gullnu regluna eða ekki. Hins vegar munum við gera allt sem í valdi okkar stendur til að upplýsa hvern dómara um áherslur HRFÍ og Ungmennadeildarinnar í keppni ungra sýnenda.

Erindi til ungmennaráðs Norðurlandanna

Í byrjun desember var haldinn fundur í Svíþjóð með fulltrúum Norðurlandanna í sambandi við keppni ungra sýnenda. Því miður höfðum við ekki tök á því að senda fulltrúa að þessu sinni. Vegna fjarveru okkar ákváðum við samt sem áður að senda erindi sem fjallað var um á

fundinum þar sem við kynntum okkar nýju stefnu í keppni ungra sýnenda ásamt því að kynna starfsemi deildarinnar. Viðbrögð fundargesta voru mjög jákvæð og voru þeir almennt sammála og ánægðir með þetta framtak okkar.

Ungir sýnendur sýnilegri á sýningum

Stjórn deildarinnar sendi erindi til sýningarstjórnar HRFÍ þess efnis að ungir sýnendur yrðu sýnilegri í úrslitum sýninga HRFÍ. Keppni ungra sýnenda fer ávallt fram á föstudegi fyrir sýningu og þar af leiðandi hafa ungir sýnendur ekki verið sýnilegir í úrslitum sýninganna á laugardegi og sunnudegi. Við óskuðum eftir því að úrslit í eldri flokki færu fram í úrslitum sýningar þar sem dómari veldi fjóra sýnendur áfram frá föstudeginum. Þessi tillaga var samþykkt hjá sýningarstjórn.

Fjáröflun deildarinnar

Undanfarin ár hefur fjáröflun deildarinnar verið mjög virk og erum við afar þakklát öllum þeim sem hafa lagt okkur lið. Þar má fyrst og fremst nefna foreldra og meðlimi deildarinnar sem hafa staðið ófáar vaktir í veitingasölu deildarinnar á sýningum félagsins ásamt því að sjá um allan undirbúning. Sýningarþjálfanir deildarinnar eru alltaf vinsælar og fjölmargir sem leggja leið sína í Gæludýr.is á Korputorgi með hundana sína fyrir sýningar. Skráningargjöld og kaffisala á „Degi Ungmennadeildar“ hefur einnig gefið vel í sjóð deildarinnar.

Námskeið

Á starfsárinu fengum við þrjá frábæra sýnendur og leiðbeinendur til liðs við okkur en það voru Tammie Sommerson-Wilcox frá Bandaríkjunum, Hugo Quevedo frá Perú og Marc Linnér frá Svíþjóð. Þau buðu öll upp á námskeið fyrir unga sýnendur sem voru gríðarlega lærdómsrík og skemmtileg. Þess má geta að Tammie ákvað að gefa allan ágóða námskeiðanna til deildarinnar og þökkum við henni innilega fyrir. Dýrheimar ehf. buðu deildinni upp á námskeið Marc Linnér og þökkum við þeim kærlega fyrir ómetanlegan stuðning.

Pizzu- og keilukvöld

Þann 26. nóvember ákváðum við að húa saman krökkunum okkar sem höfðu staðið vaktir í veitingasölu deildarinnar og bjóða þeim í keilu og í framhaldi af því í smá pizzuveislu. Var þessi viðburður vel sóttur og vakti mikla lukku meðal þátttakenda. Að okkar mati er nauðsynlegt fyrir meðlimi deildarinnar að hittast reglulega og eiga góða stund saman, án hundanna.

Umbunarkerfi

Mikil og góð umræða hefur verið innan deildarinnar um umbunarkerfi þar sem meðlimir deildarinnar fá umbun fyrir störf sín í veitingasölu deildarinnar á sýningum HRFÍ. Erna Sigríður Ómarsdóttir, fyrrum stjórnarmeðlimur, ásamt fyrri stjórn hafði lagt línurnar að kerfinu sem núverandi stjórn studdist svo við ásamt Ernu Sigríði. Stjórn hitti svo formann og framkvæmdastjóra HRFÍ og bar kerfið undir þær. Árið 2016 verður umbunarkerfið í gildi og verður fróðlegt að sjá hvernig það kemur út. Umbunarkerfinu er ætlað að hvetja fleiri meðlimi til að leggja sitt af mörkum í starfsemi deildarinnar.

Stigahæstu ungu sýnendur ársins 2015

Stigahæsti ungi sýnandi ársins í yngri flokki var Elena Mist Theódórsdóttir en í eldri flokki var Hafdís Jóna Þórarinsdóttir stigahæst.

Nánari úrslit í ungum sýnendum má finna á heimasíðu deildarinnar.

Ungir sýnendur á erlendri grundu

Það má með sanni segja að íslenskir ungir sýnendur hafi staðið sig vel í keppnum erlendis á starfsárinu. Helga Þöll Guðjónsdóttir var fulltrúi Íslands á Crufts 2015 og var valin í 10 keppenda úrslit þar sem hún sýndi vorsteh. Hafdís Jóna Þórarinsdóttir var fulltrúi Íslands á Crufts 2016 og náði einnig þeim frábæra árangri að vera valin í 10 keppenda úrslit en hún sýndi enskan springer spaniel. Hafdís Jóna var fulltrúi Íslands á heimssýningunni í Mílanó á Ítalíu þar sem hún sýndi rakka af tegundinni flat-coated retriever og keppti einnig á eigin vegum á Evrópusýningunni í Noregi með rakka af sömu tegund. Á Evrópusýningunni gerði hún sér lítið fyrir og varð í 2. sæti í úrslitakeppninni þar sem fulltrúar fjölmargra landa tóku þátt ásamt þeim keppendum sem höfðu verið valdir áfram í úrslitakeppnina en Hafdís var þar á meðal.

Íslenska landsliðið í ungum sýnendum tók þátt í Norðurlandakeppni ungra sýnenda í Svíþjóð og hampaði 2. sæti í liðakeppninni! Fjórir stigahæstu ungu sýnendur ársins skipuðu landslið Íslands en það voru þær Hafdís Jóna Þórarinsdóttir, Margrét Hauksdóttir, Berglind Gunnarsdóttir og Ylfa Dögg Ástþórsdóttir. Þjálfari þeirra og liðstjóri var Auður Sif Sigurgeirsdóttir.

Dagur Ungmennadeildar

Dagur Ungmennadeildar HRFÍ var haldinn hátíðlegur þrisvar sinnum á starfsárinu, 12. apríl, 23. ágúst 2015 og 11. apríl 2016. Á degi Ungmennadeildar gefst börnum frá 3 ára aldri kostur á að sýna hundana sína eða annarra en ekki er valinn sigurvegari í barnaflokkum enda standa allir uppi sem sigurvegarar! Einnig er keppt í ungum sýnendum, yngri og eldri flokki, fullorðinsflokki 18-34 ára og fullorðinsflokki 35 ára og eldri. Skráning var framar öllum vonum en þess má geta að hátt í 90 keppendur voru skráðir þann 11. apríl sl. í öllum flokkum! Dýrheimar ehf. voru okkur ómetanlegur stuðningur og gáfu frábær þátttökuverðlaun, verðlaun fyrir 1.-4. sæti ásamt því að lána okkur teppi. Einnig viljum við þakka Melabúðinni fyrir glæsileg verðlaun í fullorðinsflokkum. Dómarar keppnanna hafa svo sannarlega ekki verið af verri endanum enda allir þaulvanir sýnendur og eiga allir glæsilegan feril í ungum sýnendum að baki. Síðast en ekki síst viljum við þakka Gæludýr.is fyrir að lána okkur glæsilegan sal þeirra á Korputorgi.

Lokaorð

Við í stjórn deildarinnar stöndum í mikilli þakkarskuld við fjölmarga aðila sem hafa lagt deildinni lið og verið henni ómetanlegur stuðningur í gegnum tíðina. Má þar nefna Gæludýr.is sem lána okkur húsnæði fyrir sýningarþjálfanir og aðra viðburði, Dýrheima ehf. sem eru ávallt boðin og búin að styrkja deildina og styrkja m.a. landslið Íslands í Norðurlandakeppni ungra sýnenda og Pedigree sem styrkir fulltrúa Íslands á Crufts. Meðlimir deildarinnar og foreldrar þeirra og forráðamenn hafa svo sannarlega lagt sitt af mörkum til deildarinnar ásamt öllum þeim sem hafa styrkt okkur með því að mæta í sýningarþjálfanir, á Dag Ungmennadeildar eða með því að kaupa veitingar á sýningum HRFÍ.

Við lítum framtíðina björtum augum enda mikil gróska í deildinni og fjölmargir áhugasamir sem hafa bæst við hópinn. Stefna deildarinnar í framtíðinni er að bjóða upp á hundafimi, vonandi í samstarfi við Íþróttadeild HRFÍ, hlýðni og margt fleira tengt hundum. Það er von okkar að þessar hugmyndir verði að veruleika á nýju starfsári Ungmennadeildar HRFÍ.

Ungmennadeild heldur úti glæsilegri heimasíðu í umsjón Ernu Sigríðar Ómarsdóttur <http://ungmennadeild.weebly.com/>

Einnig er deildin með síðu á Facebook ásamt hópnum „Ungir sýnendur á Íslandi“.

Netfang deildarinnar er udhrfi@gmail.com

Fyrir hönd stjórnar Ungmennadeildar HRFÍ,

Auður Sif Sigurgeirsdóttir, ritari.